Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Leiklistarsjóð Þorsteins Ö. Stephensen við Ríkisútvarpið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. janúar 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Leiklistarsjóð Þorsteins Ö. Stephensen við Ríkisútvarpið.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frumkvæði Félags íslenskra leikara til heiðurs Þorsteini Ö. Stephensen, leikara, í tilefni af 50 ára afmæli Ríkisútvarpsins og ber nafnið Leiklistarsjóður Þorsteins Ö. Stephensen við Ríkisútvarpið.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi frá Félagi íslenskra leikara að fjárhæð gkr. 1 milljón. Ennfremur leggur félagið sjóðnum til fastan tekjustofn með því að ráðstafa til hans árlegum tekjum sínum frá SFH — Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda — fyrir afnot af opinberum flutningi íslenskra markaðshljóðrita skv. 47. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Þá tekur sjóðurinn við gjöfum og öðrum framlögum, sem honum kunna að áskotnast.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að eflingu íslenskrar leiklistar í Ríkisútvarpinu m. a. með námskeiðahaldi og styrkveitingum til þeirra, sem vilja afla sér frekari þekkingar á sviði leikflutnings í útvarpi og sjónvarpi.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Einn tilnefndur af Ríkisútvarpi/hljóðvarpi, annar tilnefndur af Ríkisútvarpi/sjónvarpi, og skulu þeir skiptast á að gegna formennsku sjóðsstjórnar, eitt ár í senn, hvor um sig. Hinn þriðja stjórnarmann tilnefnir Félag íslenskra leikara. Tilnefning stjórnarmanna gildir í þrjú ár í senn.

4. gr.

Stjórnin annast styrk- og fjárveitingar úr sjóðnum. Úthluta má allri innistæðu hans eins og hún er á hverjum tíma, þó eigi stofnfé sjóðsins, gkr. 1 milljón.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Ríkisútvarpsins, sem sér um reikningshald sjóðsins og ávaxtar fé hans.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og breytingum, sem á henni kunna að verða gerðar.